

Nóvember 2018



Móttökuáætlun

Móttaka nýbúa við Foldaskóla



Innritun

Foreldrar óska eftir viðtali við skólustjórnanda. Við fyrstu komu í skólann er mikilvægt að sá sem tekur niður upplýsingar skrái niður nafn nemenda, fæðingarár, þjóðerni, tungumál vegna túlkabjónustu, nöfn foreldra, símanúmer og netföng þeirra til að tryggja góðan undirbúning móttökuviðtals.

Foreldrar sem eiga lögheimili í Reykjavík geta sótt um skólavist rafrænt fyrir börn sín í gegnum Rafræna Reykjavík á <https://rafraen.reykjavik.is>

Foreldrum er bent á *Upplýsingabækling fyrir erlenda foreldra grunnskólabarna* frá skóla- og frístundasviði Reykjavíkur sem er aðgengilegur á heimasíðu sviðsins <https://reykjavik.is/baeklingar-fyrir-foreldra-brochures-parents> á ýmsum tungumálum.

Í innritunarviðtali eru foreldrar beðnir um að hafa meðferðis upplýsingar frá fyrri skólagöngu nemanda (einkunnir og greiningar), heilbrigðisvottorð og bólusetningarvottorð. Æskilegt er að barnið hafi fengið kennitölu.

Undirbúningur viðtals

Skólustjórnandi undirbýr móttökuviðtal og leggur drög að námi/stundatöflu fyrstu vikunnar. Mikilvægt að hafa með gögn s.s. stundaskrá, upplýsingar um mötuneyti, nesti, skóladagatal, skólareglur, bekkjarlista, símanúmer og netfang skóla, tilhögun í íþróttum/sundi.

Deildarstjóri stoðþjónustu pantar túlk sem situr móttökuviðtal. Aðilar frá þjónustumiðstöð Miðgarðs, Fjörgyn eða Regnbogalandi, umsjónarkennari svo og skólahjúkrunarfræðingur eru boðaðir í viðtalið.

Undirbúningur starfsmanna

Starfsmenn skóla eru upplýstir svo þeir séu undirbúnir fyrir komu nýs nemanda í skólann. Starfsmenn fá ráðgjöf/fræðslu um móttöku, kennslu og félagslega aðlögun innflytjenda.

Hlutverk umsjónarkennara

Umsjónarkennari undirbýr bekkinn undir komu nýs nemanda. Gott að fara yfir nafn, upprunamenningu og móðurmál. Hann finnur í samráði við íþróttta-, sund-, list- og verkgreinakennara hvaða hópur er heppilegastur fyrir nýjan nemanda og upplýsir skólustjórnanda um það.

Hann fær ákveðna nemendur til að fylgja nýjum nemanda eftir fyrstu vikunnar og aðstoða við að aðlagast skólahúsnæði/stundaskrá. Æskilegt er að foreldrar barna í bekk fái tilkynningu um nýjan nemanda. Einnig mætti kanna hvort einhverjir foreldrar úr bekknum hafi áhuga á að verða vinafjölskylda nýja nemandans og fjölskyldu hans ef þess verður óskað.

Móttökuviðtal

- Farið yfir innritunarblað og upplýsinga aflað.
- Gögn frá skóla kynnt og afhent.
- Helstu starfshættir og reglur skólans kynntar.
- Rætt um hvernig skóladagurinn fer fram.
- Upplýsingar um hvað nemandi skal hafa með í skóla, s.s. íþróttta- og sundföt.
- Rætt um samstarf heimilis og skóla, t.d. tilkynningar um forföll.
- Hlutverk þjónustumiðstöðva kynnt.
- Fjallað um menningarlegan stuðning ([Brúarsmiðir](#)).
- Leiðsögn um skólann og litið inn til bekkjarins.

- Stofnað teymi um nemandann.
- Fyrsti skóladagur staðfestur og næsti fundur ákveðinn.
- Fundagerð skal haldin í móttökuvíðtali.
- Nemandi og foreldrar fara með fulltrúum frístundaheimilis og tómstundastarfs og fá fræðslu um þeirra starfsstöðvar, starfsemi og þjónustu.
- Eftir viðtal skal upplýsingum miðlað til starfsmanna skóla eins og við á.
- Biðja túlk að skrá niður helstu upplýsingar.

Eftirfylgd

Fundur skal haldinn 6 vikum síðar með sömu aðilum til að fylgja nemendum eftir um hvernig gengur að aðlagast.

Sjónræn stundaskrá eða stundaskrá á móðurmáli nemanda.

Endurmeta nám/námsgögn reglulega.

Könnun á bakgrunni nemanda

Vegna ólíkra tungumála og menningar er leitast við að fá ítarlegar upplýsingar um bakgrunn nemandans. Það er gert til þess að skólinn geti betur mætt þörfum hans og fjölskyldu hans.

Nafn nemanda _____

Kennitala _____

Upprunaland _____

Móðurmál _____

Hvenær kom nemandi til Íslands? _____

Nafn móður _____

Upprunaland móður _____

Móðurmál móður _____

Nafn föður _____

Upprunaland föður _____

Móðurmál föður _____

Tungumál töluð á heimili _____

Trúarbrögð _____

Þjó fjölskyldan í þéttbýli eða dreifbýli í heimalandi sínu? _____

Hvað heitir bærin/héraðið? _____

Fyrri skólaganga

Leikskóli _____ ár

Grunnskóli _____ ár

Skólaganga almennt í heimalandi _____

Var nemandi ánægður í skólanum? Já _____ Nei _____

Hvað fannst nemanda skemmtilegt að gera í skólanum? _____

Hvað fannst nemanda leiðinlegt að gera í skólanum? _____

Hefur nemandi áður skipt um skóla? Já _____ Nei _____ Ef já, hvers vegna?

Fór kennsla fram á móðurmáli nemandans? Já _____ Nei _____

Ef ekki, á hvaða tungumáli fór kennslan fram? Skilur og/eða talar nemandinn önnur mál en móðurmál? _____

Er nemandi læs?

Já, á móðurmáli _____

Já, á öðru máli hvaða? _____

Nei _____

Er nemandi skrifandi?

Já, á móðurmáli _____

Já, á öðru máli hvaða? _____

Nei _____

Er nemandi læs á latneskt stafróf? Já _____ Nei _____

Á nemandi við einhverja námsörðugleika að stríða? Já _____ Nei _____

Ef já, þá hverja? _____ Liggur greining

(sálfræðimat/lestrargreining) að baki? _____

Hvernig er skapgerð nemandar best lýst?

(rólyndur/kraftmikill/feiminn/...) _____

Fjölskylduaðstæður

Hverjir búa á heimili nemandar? _____

Hve lengi hafa foreldrar nemandar búið á Íslandi? Móðir Faðir

Hver er íslenskukunnátta móður? _____

Hver er íslenskukunnátta föður? _____

Tala og skilja foreldrar ensku? Já _____ Nei _____

Er einhver tengdur fjölskyldunni, sem talar íslensku eða ensku? Já _____ Nei _____

Ef já, hver? _____

Má gefa upp símanúmer viðkomandi aðila (neyðartengiliður)? Símanúmer _____

Á fjölskyldan (erlent foreldri) ættingja á Íslandi? Já _____ Nei _____

Ef já, hver? _____

Starf móður _____

Starf föður _____

Vinnutími foreldra? Móðir _____ Faðir _____

Ef nemandi er í 1.-5. bekk, hvar dvelur hann eftir að skóla lýkur á daginn?

Hefur nemandi verið aðskilinn frá foreldrum sínum? Já _____ Nei _____

Ef svo er, hversu lengi? _____

Hjá hverjum bjó nemandinn? _____

Hefur nemandi orðið fyrir áföllum í lífinu? _____

Ofnæmi/lyf _____

Spurningar til nemanda

Hvernig þótti þér að flytja til Íslands? _____

Ert þú í sambandi við ættingja og/eða vini í heimalandi þínu, til dæmis í gegnum nettengingu eða póst? Já _____ Nei _____

Áttu vini hér á landi, sem ættaðir eru frá heimalandinu? Já _____ Nei _____

Áttu íslenska vini? Já _____ Nei _____

Þekkir þú önnur börn í skólanum? Já _____ Nei _____

Stundaðir þú íþróttir eða tókst þú þátt í félagsstarfi í heimalandi þínu?

Já _____ Hvaða? _____

Nei _____

Hefur þú áhuga á að taka þátt í einhverskonar tómstundastarfi hér á landi?

Já _____ Hvaða? _____ Nei _____ Kannski _____

Hefur þú farið í sund? Já _____ Nei _____

Hefur þú lært að synda? Já _____ Nei _____

Finnst þér gaman í skólasundi? Já _____ Nei _____

Finnst þér gaman í leikfimi? Já _____ Nei _____

Hver eru áhugamál þín? _____

Finnst þér gaman að lesa? _____

Annað sem foreldrar eða nemandi vilja að komi fram? _____

Viðtalið sátu:

Nemandi _____

Foreldrar _____

Skólastjórnandi _____

Umsjónarkennari _____

Sérkennari nýbúa _____

Hjúkrunarfræðingur _____

Túlkur _____

Aðrir _____

Nemandi innritaðist í _____ bekk

Skóli _____

Dagsetning _____

Gagnlegar vefslóðir

Munið að innskrá í Fróða áður en hlekkirnir eru opnaðir.

Finna má könnun á bakgrunni nemanda á fleiri tungumálum á

https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/handbok.innfl_.pdf

Reglur um móttökuáætlun vegna barna með íslensku sem annað tungumál

<https://reykjavik.is/mottokuaetlun-vegna-barna-med-islensku-sem-annad-tungumal>

Upplýsingar og verklag vegna hælisleitenda

https://innri.reykjavik.is/system/files/departments/files/verklag_v._barna_haelisleitenda_hja_sfs.pdf